

AUGLÝSING

um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings, nr. 949/2009, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 13. gr. starfsreglnanna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Forsætisnefnd metur hvort mál er þingtækt. Skal sérstaklega litið til þess hvort mál eigi undir valdsvið kirkjuþings og eins hvort mál hafi fengið umfjöllun eða úrlausn biskups, kirkjuráðs eða annarra aðila sem mál kann að varða. Þá metur forsætisnefnd hvort mál hafi fengið nægilega kynningu og samráð innan kirkjunnar eða fyrir öðrum sem málið kann að varða, þannig að um það megi fjalla. Forsætisnefnd gætir þess að kostnaðaráætlun máls sé raunhæf. Forsætisnefnd gefur kost á því að úr annmörkum sé bætt, ef við á, en vísar ella máli frá, ef það uppfyllir ekki framangreind skilyrði.

2. gr.

3. mgr. 14. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Sérhvert þingmál skal vera til kynningar í opinni samráðsgátt á vef kirkjunnar í að minnsta kosti tvær vikur eftir að það hefur borist forseta. Forseti getur lengt þann frest teljist mál varða mikla hagsmuni, mál er flókið eða umfangsmikið. Í samráðsgáttinni skal gefinn kostur á framlagningu umsagnar sem sé að jafnaði birt. Við lok kynningar er flutningsmönnum heimilt að gera breytingar á þingmáli innan viku og senda forseta þá nýtt eintak. Heimilt er forsætisnefnd að samþykkja að birt séu í samráðsgátt áform um þingmál til kynningar samkvæmt framanskráðu. Þegar þingmál eru komin í endanlegt horf skulu þau svo skjótt sem auðið er birt öllum kirkjuþingsmönnum og þeim sem seturétt eiga á þinginu samkvæmt 1. mgr. 25. gr.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Reykjavík, 22. mars 2021.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.

B-deild – Útgáfud.: 9. apríl 2021